**143. löggjafarþing 2013–2014.**
**Þingskjal 1118 — 517. mál.**
**2. umræða.**

# Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (forstöðumaður Fjölmenningarseturs).

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Broddadóttur frá velferðarráðuneyti.

Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er í velferðarráðuneytinu unnið að sameiningu Fjölmenningarseturs, Jafnréttisstofu og réttindagæslu fatlaðs fólks í eina stjórnsýslustofnun á sviði jafnréttismála. Er því nauðsynlegt að ráðherra verði veitt heimild til að setja forstöðumann yfir Fjölmenningarsetur þar til þeirri vinnu lýkur. Meiri hlutinn bendir á að samþykkt frumvarpsins felur ekki í sér skuldbindingu til framtíðar um sameiningu áðurnefndra stofnana.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Elín Hirst og Páll Jóhann Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 2014.

Þórunn Egilsdóttir, frsm.

Ásmundur Friðriksson.

Vilhjálmur Bjarnason.

Ásmundur Einar Daðason.

Unnur Brá Konráðsdóttir.